

Ár 1981, þriðjudaginn 28. apríl, var í málinu nr. 1/1981
kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi


Ú R S K U R Ð U R :

Málavextir eru þeir, að með bréfi dags. 6. janúar 1981
óskandi Gunnar S. Óskarsson eftir því fyrir hönd Kirkju Jesú
Krists hinna síðari daga heilögú, að féluginu yrði úrskurðað
óskyld að svara fasteignaskatti af húseign félagsins að
Skólavörðustíg 46, í Reykjavík. Húseign þessi er eingöngu notuð
fyrir starfssemi samtaka þessara, eins og nánar er lýst í
bréfi frá 9. apríl s.l.


Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er ekki um
viðurkennt trúfélag að ræða. Að svo vöxnu máli er umrædd
fasteign eigi undanþegin fasteignaskatti samkvæmt 1. mgr. 5. gr.
laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 6 gr.
reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt. Þar sem ekki
verður heldur séð, að önnur undanþáguákvæði eigi við fasteign
þessa brestur að svo stöddu lagahilmild til að verða við
umræddu erindi.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :


Að svo stöddu nýtur húseignin nr. 46. við Skólavörðustíg
eigi undanþágu frá fasteignaskatti.



Gaukur Jörundsson.



Pétur Stefansson.



Guðmundur Magnússon.